

Þjónustuvæði Suðurlands um málefni fatlaðs fólks

Velferðarþjónusta Árnesþings, félagsþjónustan í Árborg og félagsþjónusta Rangárvalla og Vestur- Skaftafellssýslu.

Umsókn um þátttöku í tilraunaverkefni um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA) á þjónustuvæði Suðurlands.

Í bráðabirgðarákvæði IV í lögum um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992 er kveðið á um innleiðingu notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar (NPA). Á grundvelli þessa ákvæðis skipaði velferðarráðherra verkefnisstjórn um NPA sem gaf út handbók um NPA í febrúar 2012. Einnig birti velferðarráðuneytið í júní 2012 leiðbeinandi reglur fyrir sveitarfélög um innleiðingu notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar. NPA er ekki lögbundið þjónustuform en gert er ráð fyrir lögfestingu þess árið 2014 og vill þjónustuvæði Suðurlands í málefnum fatlaðs fólks bjóða upp á NPA til reynslu.

Reglur þjónustuvæðis Suðurlands um tilraunaverkefni um notendastýrða persónulega aðstoð fyrir fatlað fólk á þjónustuvæðinu eru í vinnslu. Við gerð þeirra og við mat umsókna er tekið mið af handbók um NPA og leiðbeinandi reglum um innleiðingu notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar. 1. og 3. mgr. 5 gr. laga um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992 liggja einnig til grundvallar við úrvinnslu umsókna um þátttöku í tilraunaverkefni um NPA, en þar segir að sveitarfélag þar sem fatlaður einstaklingur á lögheimili taki ákvarðanir um þjónustu við hann og að teymi fagfólks skuli meta stuðningsþörf fatlaðs fólks á heildstæðan hátt.

Einstaklingar með lögheimili á þjónustuvæði Suðurlands, sem falla undir lög um málefni fatlaðs fólks nr.59/1992 með síðari breytingum, eru á aldrinum 16-67 ára og þurfa daglega aðstoð, geta sótt um þátttöku í tilraunaverkefni um NPA.

Almennar upplýsingar

Nafn umsækjanda		Kennitala
Lögheimili		Póstnúmer
Heimilisfang (ef annað en lögheimili)		Póstnúmer
Sími	Gsm	Netfang

Nafn forráðamanns (ef umsækjandi er yngri en 18 ára)		Kennitala
Heimilisfang (ef annað en lögheimili)		Póstnúmer
Sími	Gsm	Netfang

Aðstandandi/tengiliður vegna umsóknar		Kennitala
Heimilisfang		Póstnúmer
Tengsl við umsækjanda		
Sími	Gsm	Netfang

Þjónusta sem umsækjandi hefur? (merkið við allt sem við á).

- | | | |
|--|--|--|
| <input type="checkbox"/> Atvinna með stuðningi | <input type="checkbox"/> Félagsleg liðveisla | <input type="checkbox"/> Umönnunargreiðslur |
| <input type="checkbox"/> Vernduð vinna | <input type="checkbox"/> Frekari liðveisla | <input type="checkbox"/> Skammtímavistun |
| <input type="checkbox"/> Dagþjónusta/Hæfing | <input type="checkbox"/> Heimaþjónusta | <input type="checkbox"/> Stuðningsfjölskylda |
| <input type="checkbox"/> Búseta | <input type="checkbox"/> Heimahjúkrun | <input type="checkbox"/> Annað? _____ |
| <input type="checkbox"/> Ferðaþjónusta | <input type="checkbox"/> Ráðgjöf | |

Gögn sem þurfa að fylgja umsókn:

- Staðfesting á örorku
- Staðfesting á umönnunarmati
- Yfirlýsingu frá öðrum ábyrgðaraðilum þjónustu sem er ekki á vegum Félagsþjónustunnar
- Yfirlit yfir greiðslustöðu frá Sýslumanni í þeim tilvikum sem notandi ætlar sjálfur að vera umsýsluaðili
- Þjónustusamning ef umsækjandi hefur haft þjónustusamning við Félagsþjónustu ásamt upplýsingum um nýtingu samnings

Við afgreiðslu umsóknar verður upplýsinga aflað með viðtölum við umsækjanda eða forráðamann.

Ég votta með undirskrift minni að allar upplýsingar sem ég veiti varðandi umsóknina eru réttar og starfsfólki Félagsþjónustunnar er heimilt að afla sér nauðsynlegar upplýsingar hjá Tryggingastofnun ríkisins, skattayfirvöldum, úr opinberum skráum og hjá atvinnurekendum við mat á umsókninni. Ég skuldbind mig til þess að láta vita um breytingar á högum mínum sem geta haft áhrif á mat umsóknar.

Staður og dagsetning

Undirskrift umsækjanda/forráðamanns

Hægt er að fá upplýsingar og skila inn umsóknum hjá Félagsþjónustunni í þínu sveitarfélagi

Velferðarþjónusta Árneshöfna

- Hveragerði. Sunnumörk 2, 810 Hveragerði. Sími: 483-4000
- Uppsveitir og Flói. Laugarási, 801 Selfoss. Sími: 480-1148
- Sveitarfélagið Ölfus. Hafnarbergi, 815 Þorlákshöfn. Sími: 480-3800

Félagsþjónusta Árborgar

- Austurvegi 2, 800 Selfoss. Sími: 480-1900

Félagsþjónusta Rangárvalla og Vestur Skaftafellssýslu

- Suðurlandsvegi 1-3, 850 Hella. Sími: 487-8125

Farið er með allar umsóknir sem trúnaðarmál